

Sjötti fundur Skólaráðs Garðaskóla haldinn 16.desember 2009 kl. 15.20

Fundargerð

Þessir fulltrúar skólaráðs voru mættir. Ragnar Gíslason skólastjóri, Þröstur Guðmundsson aðstoðarskólastjóri, Elín Thorarensen og Friðrik Ingi Friðriksson, fulltrúar foreldra, Reynir Engilbertsson og Harpa Rós Gísladóttir fulltrúar kennara, Kristjana Björk Brynjarsdóttir og Vigdís Víglundsdóttir fulltrúar nemenda. Skólastjóri setti fund kl. 15.20.

Dagskrá:

Starfsreglur Skólaráðs Garðaskóla

Lögð voru fram drög að starfsreglum Skólaráðs Garðaskólakóla og þau samþykkt með lítils háttar breytingum. Starfsreglurnar verða birtar á heimasíðu skólans.

Próf og fyrirkomulag prófa

Fulltrúar nemenda komu fram því álitni nemenda að nauðsynlegt væri að að hausti væru sérstakir prófdagar svipað og að vori til.

Bréf skólastjóra til bæjarráðs

Skólastjóri kynnti bréf sitt til bæjarráðs vegna fjárveitinga til viðhalds „Gagns og gamans“ dögum og svar um að Garðaskóla byðist jafnt sem öðrum skólum að sækja um styrk til verkefnisins úr fyrirhuguðum sjóði bæjarins vegna sveigjanlegs skólastarfs í grunnskólum. Samþykkt var að slík umsókn yrði gerð jafnskjótt og reglur um úthlutun úr sjóðnum yrðu kynntar af bæjarins hálfu.

Mentor- skráningar í handbók

Skólastjórnendur sögðu frá breytingum á stefnu skólans að nýta Mentor mun meira en verið hefur í sambandi við skráningu á heimavinnu og verkefnum nemenda. Gerðar verða tilraunir með breytta skráningu á vörönn, einkum í 8.bekk.

Endurskoðun á skólastefnu Garðabæjar.

Skólastjóri lagði til að þetta málefni yrði tekið upp á næsta fundi skólaráðs: Þar verður fjallað um svör starfsmanna og nemenda á spurningunum: *Hvað gerir skólastarf gott? Hvað má gera til að gera skólastarfið betra?*

Fjárveitingar til Garðaskóla vegna ársins 2010

Skólaráð samþykkti að fara yfir samþykktu fjárhagsáætlun vegna skólastarfs Garðaskóla 2010 á næsta fundi ráðsins.

Skólastjóri sleit fundi kl. 16.20.

Harpa Rós Gísladóttir ritaði fundargerð